

46

Eins og áður er sagt, gekk hreppsnefnd Áshrepps í ábyrgð fyrir jarðarafgjaldi Frímansns vorið 1891. Frímansn hefir borið það, að hann hafi aðeins borgað afgjaldið fyrsta búskaparár sitt, en umboðsmaður telur að eins óborgað jarðargjöld Frímansns árið 1894, 1896, 1897, 1898, 1899 og 1900. Það hefir ekki orðið upplýst, hvernig jarðarafgjöldin 1893 og 1895 hafa verið borguð, nema hvað það er viðurkennt, að oddviti hreppsins hefir greitt  $\frac{1}{2}$  jarðarafgjald fyrir Frímansn. Hreppsnefnd Áshrepps sagði upp ábyrgð á ábúð Frímansns 1897 og því stendur hún í ábyrgð fyrir jarðarafgjaldi Frímansns árið 1894 eða kr. 36 24 a. og fyrir árið 1896 og fyrir landsskuld árið 1897. Það hafa að vísu ekki fengizt nákvæmar upplýsingar í þessu efni, en að líkindum nemur þessi upphæð kr. 90. Þessa upphæð átti Áshreppur að borga fyrir Frímansn í gjalddaga, og þó að hún verði ef til vill eigi talin beinlínis greidd af Áshreppi af því að umboðsmaður hefir skuldað hreppnum talsvert hærri upphæð, þá er hún þó fallin fyrir löngu í gjalddaga, og þar sem Frímansn alls eigi gat borgað upphæð þessa, þá er hún beinlínis orðin skuld hreppsins fyrir Frímansn. Það er því auðsætt að hjer er að ræða um nýja aðferð til að veita þurfamönnum sveitarstyrk, sem þá væri fölginn í því, að einhver, sem skuldar hreppnum, lánar styrkþurfa upp á ábyrgð hreppsnefndar, en svo eru reikningarnir eigi gerðir upp fyr en styrkþurfi væri búinn að vera 10 ár í öðrum hreppi. Þar sem eigi verður sjeð að nein ástæða sje til þess, að hreppsnefndir með þessu fari í kring um lögin, því verður að álíta að sveitarstyrkur sje í þess konar tilfellum veittur, þegar upphæðin, sem hreppsnefndin gengur í ábyrgð fyrir, er fallin í gjalddaga. Samkvæmt þessu verðnr að álíta, að Frímansn Guðjónsson hafi þegið sveitarstyrk af Áshreppi, að minnsta kosti 1894, 1896 og 1897, og samkvæmt því verður að telja hann sveitlægan í Áshreppi, og þar sem engin mótmæli hafa verið gjörð að því er snertir sveitarstyrk þann, er Frímansni hefir verið veittur af sveitarsjóði Vindhælishrepps, að upphæð kr. 24 51 e., þá er jeg samdóma þeim ákvæðum í úrskurði yðar, að Áshreppi beri að greiða nefndar kr. 24 51 e. til Vindhælishrepps.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra sýslumaður, til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum, vil eg taka það fram, að jeg sje mjer eigi fært að taka til greina kröfu hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi um að fá greiddar 53 kr. til endurgjalds á kostnaði við rjettarpróf í þessu máli, því að það er eigi aðeins óþarft, heldur og ólöglegt að yfirheyra hreppsnefndarmenn og láta þá vinna eið að framburði þeirra í málefnum, sem snerta þeirra eigin störf.

47

3. maí

## Ítarlegar reglur

um manntal í Reykjavík.

Samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 18, frá 13. sept. 1901 um manntal í Reykjavík, skal skýrara kveðið svo á um manntalið, sem hjer segir:

### 1. gr.

Lögreglustjórnin í Reykjavík skal síðara hluta októbermánaðar ár hvert gjöra nákvæma skrá yfir alla íbúa kaupstaðarins. Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, eða hafa þar dvöl til að reka atvinnu eða vinna fyrir sjer á einhvern hátt, eða til að stunda nám bóklegt eða verklegt á skólum eða hjá einstökum mönnum. Eigi skal telja á skránni

gesti eða ferðamenn. Meðal gesta skal telja þá menn, sem dvelja í bænum að-  
eins til að leita sjer lækninga-

47  
3. maí

Á manntalsskránni skal tilgreina fullt nafn hvers manns, fæðingardag, ef þess er kostur, — ef hlutadeigandi getur tilgreint fæðingardaginn sjálfur eða nærstaddir foreldrar, húsbændur o. s. frv., eða hann er fæddur í Reykjavíkursókn, — fæðingarár, fæðingarstað, stjett eða atvinnu, hvenær hann hafi flutzt til kaupstaðarins, og lögheimili hans, sje það annarsstaðar.

Sje einhver, sem eptir framansögðu á að telja á skránni, eigi viðstaddur þann dag sem talið er, heldur fjarverandi á ferðalagi eða á annan hátt, skal hann engu síður tekinn í manntalið.

Manntal þetta skal skráð í manntalsbók, er gjörð sje eptir fyrirmynd þeirri er hjer fer á eptir; þar skal og rita þær breytingar, sem verða frá einu manntali til annars, jafnskjótt og lögreglustjóri fær vitneskju þarum.

### 2. gr.

Að viðlagðri allt að 40 kr. sekt, er rennur í bæjarsjóð, er hver húseigandi eða húsráðandi skyldur að gefa sjálfur skýrslu, munnlega eða skriflega (fylla út eyðublöð), um alla húsbúa sína, til afnota við manntal hvert, eða láta hæfan mann annan, er hann tilnefnir fyrir lögreglustjóra, og hefir aðsetur í kaupstaðnum, gefa skýrsluna fyrir sína hönd.

Að viðlagðri sömu hegningu er húsráðandi skyldur að tilkynna lögreglustjóra innan tveggja sólarhringa, er einhver maður, er setja ber á manntalsskrá samkvæmt 1. gr., flytur í húsi hans eða úr því.

### 3. gr.

Eptirrit eptir manntalsbókinni skal láta þeim í tje, er æskir þess, fyrir 50 auru gjald fyrir hverja örku, og hálfu minni fyrir hálfu örku og minni hluta úr örku. Gjald þetta rennar í bæjarsjóð.

Eptir þessu eiga hlutadeigendur að hegða sjer.

Reykjavík, 3. maí 1902.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

---

Jón Magnússon.

